

Um það sem ekki stendur skrifað

Orkumálin í brennidepli

Kári skrifar

21. janúar 2024

Réttlætisgyðjan



Inngangur

Áfram verður haldið þar sem frá var horfið að rekja dóm Hæstaréttar Noregs frá 31. október síðastliðnum, í máli sem samtökin Nei til EU höfðuðu til þess að fá úr því skorið hvort innleiðing orkupakka þrjú í EES-samninginn væri í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar. PISA-könnunin var talsvert til umræðu á liðnu ári en þar hefur komið í ljós hversu erfitt það er sumum nemendum að lesa sér til gagns. Ætla má að sumir þeirra lendi síðar inn á Alþingi og þá verður skortur á lesskilningi sama fólks að vandamáli þjóðarinnar allrar. Það hefur t.a.m. sýnt sig í tilviki þingmanna pírata og Vg. Þingmenn beggja flokka virðast eiga í verulegum vandræðum með að lesa sér til gagns einfaldan texta. Þegar við bætist að draga þarf ályktanir, og lesa á milli línanna, brestur allan skilning. Það afhjúpast vel í skrifum og ræðum þessa fólks. „Ólæsa kynslóðin“ stendur sig hörmulega á Alþingi og upplifir sig eins og Lísu í Undralandi. Í raun og veru er átakanlegt að verða vitni að algerum skilnings- og þekkingarskortri þessara þingmanna.

Inngangur framh.

Lesskilningur felst ekki einvörðungu í því að skilja texta frá orði til orðs heldur og í hinu að skilja samhengi hlutanna og geta dregið rökréttar ályktanir. Þetta þarf alveg sérstaklega að hafa í huga í tilviki þingmanna pírata og Vg en fólk í þessum tveimur flokkum hefur reynt ófært um að skilja yfirþjóðlegt eðli Evrópuréttar og telur engu breyta þótt menn gefi frá sér vald - sama valdið sé eftir sem áður á forræði Alþingis. Það verður erfitt fyrir skoðanakannana fyrir tækin að selja kjósendum þá hugmynd fyrir næstu kosningar að píratar og Vg njóti mikils trausts almennings, enda er ekkert fjær sanni. Þá verður að draga stórlega í efa að Samfylkingin njóti einhvers sérstaks stuðnings heldur. Verði það hins vegar raunin, þegar talið verður upp úr kjörkössunum, má ljóst vera að kjósendur eru fljótir að gleyma. Um Viðreisn þarf ekki að fjölyrða, hún er viðhengi Samfylkingarinnar, eins og sést í borgarstjórn. Á næstu glærum verður farið hratt yfir sögu um dóm hæstaréttarins.

Inngangur framh.

Áður en haldið verður áfram að rekja efni dómsins skal á það bent að í honum er gengið út frá því að um „minniháttar valdaframsal“ [fullveldisafsal] sé að ræða. Með því að gefa sér að norsk stjórnvöld hafi áfram vald sem þau hafa framselt telja dómarrar sér trú um það að framsalið sé „minniháttar“. Það er fullkomlega eðlilegt þegar lagt er mat á fullveldisafsal að það sé metið heildstætt, með hliðsjón af öðru fullveldisafsali. Eftir því sem sviðunum fjölgar þar sem ákvarðanir eru teknar utanlands, um málefni einstakra þjóðríkja, má ljóst vera að þar með færist æ meira vald úr landi. Það merkir að sjálfsögðu minna lýðræði innan ríkjanna, enda geta borgarar þeirra ekki lengur kosið um viðkomandi mál. Þetta er tvímælalaust vond þróun. Þrátt fyrir ókosti lýðræðislegrar ákvarðanatöku er hún þó miklum mun betri en hin þar sem framkvæmdastjórn ESB ræður nánast ein hvaða leið er farin. Að gangast undir reglur ESB eða ganga í Sambandið jafngildir þannig minnkun lýðræðis.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Bindandi ákvarðanir ACER
- Vísað er til 7., 8. og 9. gr. ACER-reglugerðarinnar. Rædd áhrif þessara greina á vald og ákvarðanatöku ACER. Yfirlit yfir starfsemi ACER eins og kveðið er á um í II. kafla nefndrar reglugerðar. Rætt um megingiltang með stofnun ACER samkvæmt 5. lið formála reglugerðarinnar. [146., 147. mgr.]
- Ráðgefandi hlutverk ACER
- Rætt um þá ábyrgð ACER að veita ráðgjöf og ráðleggingar til stofnana ESB, landsreglara, rekstraraðila og kerfisstjóra. Farið yfir hlutverk stofnunarinnar við gerð skýrslna um raforkumarkaðinn. Rætt hvernig ACER aðstoðar framkvæmdastjórnina við að semja reglur á svæðinu. [148. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- ESA og samstarf við ACER
- Skýrt út efsta stoðakerfi EES-samningsins. Rædd áhrif þessa kerfis á hlutverk og ábyrgð ESA og ACER. Rætt hlutverk ESA við ákvarðanatöku samkvæmt ACER-reglugerðinni, gr. 7., 8. og 9. [149. mgr.]
- Nánar um samstarf ACER og ESA
- Ítarlegt yfirlit yfir aðlögunarreglur í 1. gr. ákvörðunar EES-nefndarinnar [nr. 93/2017]. Rætt hvernig þessar reglur eru leiðbeinandi í samstarfi ACER og ESA við ákvarðanatöku og við yfirlýsingar og tilmæli. Fram kemur að ACER og ESA skulu hafa með sér náið samstarf. [150. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Ferli við ákvarðanatöku
- Rætt um það hvernig ACER undirbýr drög áður en ESA tekur ákvarðanir sínar. **Rætt um væntingar þess að ESA taki sömu eða næstum eins ákvarðanir.** Rætt hvaða áhrif þetta ferli hefur á heildarákvörðunarvaldið. [151., 152. mgr.]
- Úrlausn deilumála og réttarúrræði
- Kynning á sérstöku úrlausnarferli deilumála sem samþykkt er ef ágreiningur verður millum ESA og ACER. Rædd áhrif þessarar aðferðar á samband ESA og ACER. Rætt hvernig hægt er að dæma ákvörðun ESA fyrir EFTA-dómstólnum og hvaða afleiðingar þetta réttarúrræði hefur. [153., 154. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Landsreglari
- Hvert aðildarríki skal koma á fót innlendri eftirlitsstofnun sem er hlutlaus, opin og **óháð öðrum opinberum eða einkaaðilum**. Krafa um sjálfstæði stafar af þeirri trú að skortur á sjálfstæði leiði til óhagkvæmari úrlausnar verkefna. [155. mgr.]
- Norski Landsreglarinn
- Norski Landsreglarinn RME er skipulagður sem sérstakur, sjálfstæður aðili. Hann heyrir stjórnsýslulega undir olíu- og orkumálaráðuneytið en fær ekki fyrirmæli um beitingu valds frá innlendum stjórnvöldum. [156. mgr.]
- RME ber að tryggja að ákvarðanir sem teknar eru af ESA, í samræmi við þriðja orkumarkaðspakkann, séu framkvæmdar í samræmi við lagalegar EES-skuldbindingar Noregs. RME skal einnig vera í samstarfi við eftirlitsyfirvöld annarra ríkja og alþjóðlegar stofnanir. [157. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Norski Landsreglarinn og ACER
- RME getur ekki að vild ákveðið hvort ákvörðun ESA skuli innleidd í norsk lög. Skylda RME til að framfylgja ákvörðunum byggist á því að ESA hafi tekið ákvarðanir sem samrýmast löggerningum sem eru hluti af EES-samningnum. [158. mgr.] Við þetta verður að gera athugasemd. Rísi ágreiningur um ákveðna túlkun EES-réttar og snertir umrætt samstarf getur sá ágreiningur ratað fyrir EFTA-dómstólinn sem þá mun skera úr í tilviki Íslands og Noregs. Hvort sem um ræðir ESA eða landsreglara hvors ríkis er í öllu falli ljóst að þessar stofnanir eru undir hælnum á Evrópuréttinum sem slíkum. Línurnar eru lagðar af stofnunum Evrópusambandsins. Það sem þarna segir um skyldur RME er því í besta falli misvísandi. Landsreglarar ríkjanna eru ekki í aðstöðu til þess að fara aðrar leiðir en lagðar eru af hálfu ESB-stofnana.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Norski Landsreglarinn og ACER framh.
- Það að skylda landsreglara, vegna innleiðinga ákvarðana ESA, sé skilyrt af því að viðkomandi ákvarðanir séu í samræmi við EES-rétt, virðist sett fram í þeim tilgangi að sýna fram á minna vald ACER en raunin er. Landsreglari er í raun og veru framlenging á ESB-valdinu í orkumálum. Hið sama má segja um eftirlitsstofnun EFTA, ESA. Eina sjálfstæði landsreglarans felst í því að hann lýtur ekki boðvaldi innlendra stjórnvalda eða aðila. Hann er hins vegar beintengdur við Brussel-valdið.
- Hvernig halda menn að lyktir máls yrðu þar sem landsreglari hygðist verja málstað heimaríkis, og jafnvel víkja til hliðar reglum Evrópuréttar til þess? Á það kann að reyna í náninni framtíð á Íslandi!

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Norski Landsreglarinn og ACER framh.
- Hægt er að skjóta ákvörðunum landsreglarans til áfrýjunarnefndar (energi-klagenemnda) í orkumálum. ESA getur farið með mál fyrir EFTA-dómstólinn, telji eftirlitsstofnunin að landsreglarinn hafi ekki uppfyllt lagaskyldur sínar, um að innleiða í norskan rétt ákvarðanir ESA. En síðan er yfirleitt hægt láta reyna á bæði ákvarðanir landsreglara og áfrýjunarnefndar fyrir norskum dómstólum. Í dóminum er rætt um gildi úrskurða RME [norski landsreglarinn] og málskot þar að lútandi. Það er talið til marks um lítið valdaframsal [fullveldisafsal] að hægt er að bera mál undir norska dómstóla. [159. mgr.] Enn og aftur verður að gera athugasemd við framsetninguna.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Norski Landsreglarinn og ACER framh.
- Það að hægt er að bera mál undir dómstóla, hvort heldur er í Noregi eða öðrum ríkjum, merkir ekki að sömu dómstólar séu sjálfstæðir og ráði niðurstöðunni. Er þá enn og aftur komið að **yfirþjóðlegu eðli Evrópuréttar**. Eftir innleiðingu réttarreglna Evrópuréttarins í norskan og íslenskan rétt hefur margt breyst. Orkustefna Evrópusambandsins [ACER] ræður ferðinni og rígbindur norska dómstóla, illu heilli. Þegar Hæstiréttur Noregs reynir að blekkja fólk með því að vísa til norskra dómstóla er varla von að íslenskt fjölmiðlafólk, s.s. á RUV, átti sig á alvarleika málsins. Það eru m.ö.o. alger falsrök að vísa til þess að málum megi skjóta til innlendra dómstóla þegar Evrópuréttur er alltumlykjandi. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Ef ekki kæmi til EES/Evrópuéttur gæti þessi framsetning réttarins hins vegar staðist ágætlega.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Orkupakki fjögur
- Nei við ESB vísaði m.a. til reglugerða í fjórða orkumarkaðspakkanum sem réttarheimilda fyrir túlkun 8. gr. ACER reglugerðarinnar [fyrri]. Innan ESB hefur fjórði orkumarkaðspakinn leyst þriðja orkumarkaðspakkann af hólmi og þar með löggerninga sem hér eru aðalatriði málsins: ACER reglugerðina, reglugerðina um viðskipti yfir landamæri og þriðju raforkumarkaðstilskipunina. En þar sem fjórði orkumarkaðspakinn hefur ekki verið tekinn upp í EES-samninginn, er ACER reglugerðin frá 2009 sögð gilda fyrir Noreg [gera verður fyrirvara um gildi þriðja orkupakkans í heild þótt út frá því sé gengið í dómnum að hann sé gildandi réttur í Noregi]. Það er því sagt nauðsynlegt í dag að starfa samkvæmt tveimur mismunandi reglugerðum um viðskipti og flutning raforku á sama markaði. [198. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Viðskipti yfir landamæri
- Flutningskerfisstjórar skulu fá bætur vegna kostnaðar sem hlýst af því að rafmagn flæðir milli landa á raforkunetum þeirra, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um viðskipti yfir landamæri.
- Ákvörðun um upphæð [Sjá og: ACER] sekta sem lagðar eru á orkufyrirtæki liggur hjá framkvæmdastjórn ESB, skv. 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar um viðskipti yfir landamæri [Regulation (EC) No 714/2009]. Í tilvikum EFTA-ríkjanna liggur valdið hjá ESA.
- Óumdeilt er að þetta felur í sér framsal valds til ESA. Endurskoðun ESA, úrskurðir og sektir, fellur í grundvallaratriðum undir EFTA-dómstólinn. Framsalið er því, í dóminum, sagt takmarkað, á sviði stjórn-sýslu og dómsvalds. [217. mgr.]
- Það að færa erlendum stofnunum dómsvald og stjórn-sýsluvald er ekki hægt að flokka sem „minni háttar“. Það er ótæk nálgun. En Hæstiréttur Noregs grípur í það hálmstrá til þess að réttlæta dugleysi sitt og það að verja ekki hagsmuni almennings í Noregi.

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Á hverju byggir Hæstiréttur Noregs?
- Kenningin um „takmarkað fullveldisafsal“ hefur þróast með tímanum af Stórþinginu, í samstarfi við stjórnvöld og lögræðideild norska dómsmálaráðuneytisins. [220. mgr.]
- Matið á fullveldisafsalinu byggist á blöndu af pólitískum viðhorfum og laga-
legum viðhorfum. Því er ljóst að dómur hæstaréttarins er ekki síður póli-
tískis eðlis en lagalegs. [222. mgr.] [sjá einnig: political judgement]
- Í dóminum segir að þær reglur sem binda Noreg einungis að þjóðarétti
samkvæmt EES-samningnum, þ.m.t. stofnun innri markaðar og megin-
hluti regluverks þriðja orkumarkaðspakkans, falli utan þess sem skal meta.
Reglugerðir þurfi innleiðingu í norsk lög til að fá bindandi réttaráhrif og
varði því ekki framsal valds. Hæstiréttur geti ekki lagt mat á mikilvægi
orkumarkaðarins innan EES-svæðisins sem slíks. [226. mgr.]

Dómur Hæstaréttar Noregs framh.

- Aðferð við innleiðingu og innihald Evrópugerða
- Þarna er er enn og aftur reynt að slá ryki í augu fólks eins og oft er reynt á Íslandi. Í dóminum kemur fram að þar sem innleiða þarf Evrópugerðir sé ekki um valdaafsal að ræða! Spurningin snýst hins vegar ekki um aðferðina, nema að litlu leyti, við sjálfa innleiðinguna, heldur **innihald þess sem innleitt er og réttaráhrif þess**. Það er kjarni málsins. Hver einasta tilskipun og hver einasta reglugerð frá ESB felur að sjálfsögðu í sér afsal hluta fullveldis. Það er veruleikafirring að halda öðru fram. Sé tilskipun innleidd, þá gildir hún á viðkomandi sviði, ekki innlendur réttur. Komi til árekstra við landsrétt gildir Evróputilskipunin, hún er rétthærri. Sama gildir að sjálfsögðu um Evrópureglugerðir.

Þessi yfirferð verður látin nægja að sinni um dóm Hæstaréttar Noregs frá 31. október 2023. Við lestur dómsins kemur í ljós að þetta er pólitískur dómur og mótaður eftir hagsmunum þeirra sem styðja útflutning á rafmagni með sæstrengjum frá Noregi. Með því að forðast að horfa heildstætt á framsal fullveldis, og flokka fullveldisafal í „minni háttar“ og „meiri háttar“, kemst Hæstiréttur Noregs að þeir stórfurðulegu niðurstöðu að framsal valds (fullveldis) sé „minni háttar“ í tilviki orkupakka þrjú. Þátttaka í innri orkumarkaði ESB er hins vegar mikið fullveldisafsal, hvernig sem á málin er litið. Stuðningsmenn orkupakka þrjú á Íslandi hafa notað það sem rök með eigin málflutningi að enn sé ekki kominn sæstrengur frá Íslandi (aflstrengur). Gagnrýnislauða og meðvirka fólkið virðist telja að ef breytingar verða ekki á nokkrum dögum eða vikum þá verði engar breytingar. Sama fólk ætti að skoða betur áformin um **IceLink-sæstrenginn og kerfisþróunaráætlun ESB.**

Að lokum framh.

ESB er myndað með svæðisbundnum samruna þar sem 28 [nú 27] aðildarríki þess **hafa framselt fullveldi** með því að framselja ákveðið vald til ákvarðana-töku í mörgum málaflokkum til sérstakra stofnana á vettvangi ESB. Þetta var staðfest í dómi Evrópudómstólsins í málinu 6/64 *Flaminio Costa v ENEL*. Þar kemur skýrt fram að aðildarríkin flytji með aðildinni bæði réttindi og skyldur frá innlendum réttarkerfum sínum og yfir til Sambandsins, yfirfærslan feli í sér varanlegt fullveldisafsal! Upphafleg áhersla ESB á sviði orkumála var að ná fram efnahagslegri samþættingu og þar með að skapa einn orkumarkað. Í Lissabon-sáttmálanum var tekin upp sérstök grein um orkumál [194. gr. TFEU] sem beinlínis felur í sér lagalegt inngríp og ráðstafanir ESB vegna starfsemi orkumarkaða, orkuöryggis, orkunýtingar og eflingu samtengingar raforkuneta. Góðar stundir!

Fjallkonan stendur vörð um fullveldið



Heimildaskrá

- *Costa v. Enel*, 1964 E.C.R. 585 (1964).
- HR-2023-2030-P, (sak nr. 23-025348SIV-HRET).
- European Parliament and the Council of the European Union, *Regulation (EC) No 714/2009 of the European Parliament and of the Council*, Official Journal of the European Union, 2009.
- European Parliament and the Council of the European Union, *Regulation (EC) No 713/2009 of the European Parliament and of the Council*, Official Journal of the European Union, 2009.
- European Parliament and the Council of the European Union, *Directive 2009/72/EC of the European Parliament and of the Council*, Official Journal of the European Union, 2009.
- Stortinget. *Samtykke til godkjenning av EØS-komiteens beslutning nr. 93/2017 av 5. mai 2017 om innlemmelse i EØS-avtalen av rettsaktene som inngår i den tredje energimarkedspakken.*
- Issacharof, S. Political Judgments. *The University of Chicago Law Review*, Vol. 68, 2001, pp. 637-656.